

LANGANESBYGGÐ

Úthlutunarnefnd menningarsjóðs, 1. fundur, 4. maí 2021



Fundargerð 1. fundar úthlutunarnefndar menningarsjóðs Langanesbyggðar, haldinn 4. maí 2021. Fundur hófst kl. 12.

Mætt voru: Þórarinn J. Þórisson formaður, Halldóra J. Friðbergsdóttir nefndarmenn. Auk þess sátu Jónas Egilsson sveitarstjóri og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri fundinn. Jón Gunnþórsson boðaði forföll.

1. Nefndaskipan og verkefni

Nefndin er skipuð af sveitarstjórn á 124. fundi hennar og Þórarinn sem formaður. Verkefni er úthlutun úr menningarsjóði sveitarfélagsins, skv. reglum sjóðsins sem samþykkt var á sama fundi sveitarstjórnar. Fjárveiting til umráða skv. ákvörðun við afgreiðslu fjárhagsáætlunar er 1 m.kr. á þessu ári.

2. Ákvörðun um auglýsingu

Samþykkt að birta auglýsingu skv. 3. gr. reglna sveitarfélagsins um menningarsjóð fyrir árið 2021. Umsóknarfrestur ákveðinn til og með 17. júní nk. Skrifstofan útbýr og gengur frá auglýsingu í samræmi við reglur sjóðsins.

3. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn þegar umsóknarfrestur er liðinn í júní.

Fleiri og ekki gert og fundi slitið kl. 13:25.